

Leikskólinn Marbakki



Leikskólar Kópavogs
Starfsáætlun 2022 – 2023

Efnisyfirlit

1. Formáli	3
2. Inngangur	3
3. Leiðarljós leikskólans	3
4. Mat á skólastarfi	3
Innra mat leikskólans.....	3
Ytra mat	4
Umbótaáætlun.....	4
Matsáætlun vegna skólaársins 2022 – 2023	5
5. Áherslur í starfi leikskólans	6
6. Foreldrasamstarf.....	6
Foreldraráð	6
Foreldrafélag.....	6
7. Starfsmannamál	6
8. Símenntunaráætlun	7
Skipulagsdagar	7
9. Aðrar upplýsingar.....	7
Fjöldi barna	7
Húsnæði og lóð.....	7
Ósk um viðhald skólaárið 2022 – 2023	8
Öryggismál	8
10. Fylgigögn.....	8
Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun	8
Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun.....	8
Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal	8
Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs.....	8
Fylgiskjal 1 – Umbótaáætlun	9
Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun	13
Fylgiskjal 3 – leikskóladagatal	15
Fylgiskjal 4 – Umsögn foreldraráðs.....	16

1. Formáli

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, forráðamönnum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

2. Inngangur

Skólaárið 2021-2022 var fyrsta starfsár Öldu Agnesar sem leikskólastjóra og Steinunnar sem aðstoðarleikskólastjóra. Ljóst er að með komu þeirra í Marbakka kom rót á suma þá starfsmenn sem voru búnir að vinna í Marbakka í mörg ár og hluti þeirra starfsmanna ákvað að fara til annarra starfa á eða í lok skólaársins. Þrír starfsmenn létu af störfum á skólaárinu vegna aldurs. Ágætlega tókst að manna í lausar stöður á skólaárinu og meðal annars kom til starfa nýr reynslu mikill sérkennslustjóri í febrúar 2022. Ljóst er að með því fólki sem hverfur á braut fer dýrmætur mannauður en tækifæri felast líka í breytingum og í skólastarfi er grundvallar atriði að stöðugt sé unnið að þróunarstarfi svo menntun og ummönnun barnanna nái að blómstra.

Aðstoðarleikskólastjóri og einn deildarstjóri sóttu um þróunarstyrk til Kópavogsbæjar til að þróa teymisvinnu starfsmanna á deildum í Marbakka og fékkst styrkurinn. Vegna uppsagnar deildarstjórans þarf að endurgera framkvæmdaráætlunina fyrir verkefnið og sníða að nýjum verkefnisstjóra.

3. Leiðarljós leikskólans

Einkunnarorð Marbakka eru sjálfstæð, glöð og skapandi börn. Leikskólinn Marbakki starfar eftir starfsaðferðum Reggio Emilia þar sem horft er á hið hæfileikaríka barn þar sem virkni og áhugahvöt hvers og eins sé drifkrafturinn í námi þess. Mikilvægir hornsteinar í starfsaðferðunum eru lýðræði og sköpun.

4. Mat á skólastarfi

Innra mat leikskólans

Matsáætlun fyrir skólaárið var fylgt eftir að mestu leiti og gagnaöflun höfð sem fjölbreyttust. Gagna var aflað hjá börnum, foreldrum og starfsfólki leikskólans og má þar nefna viðhorfskönnun meðal allra starfsmanna, markvissar umræðum starfsfólks um starfið, endurmatssamtal við foreldraráð Marbakka, foreldraviðtöl, starfsmannasamtöl og rýnihópaviðtöl við börn. Allt eru þetta dæmi um gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Starfið var einnig metið jöfnum höndum á starfsmannafundum, deildafundum, deildastjórafundum og á fundum lausnateymis leikskólans. Sjálfsmat Marbakka er umbótamiðað og niðurstöður þess settar fram opinberlega á heimasíðu leikskólans.

Innra mat 2020-2021 (hvað var metið? Stutt samantekt fyrir leikskólann í heild sinni)

Matsþættir	2021-2022
Stjórnun	
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	
Stjórnun skólans og daglegur rekstur	
Faglegt samstarf	x
Leikskólabróun og símenntun	
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x
Uppeldis- og menntastarf	
Skipulag náms og námsaðstæður	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka	
Námssvið leikskólans	x
Leikskóli margbreytileikans	x
Mat á námi og velferð barna	x
Mannauður	
Hlutverk leikskólakennara	x
Fagmennska starfsfólks	x
Starfsánægja	x
Leikskólabragur	
Viðmót og menning	
Velferð og líðan barna	x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi	
Viðhorf foreldra	
Innra mat	
Skipulag og viðfangsefni	x
Gagnaöflun og vinnubrögð	x
Opinber birting og umræður	x

Ytra mat

Matsteymi um gæði leikskólastarfs í Kópavogi tók til starfa haustið 2020 en tilgangur þess er að stuðla að þróun og umbótum í leikskólastarfi. Skólapúlsinn lagði fyrir viðhorfsskönnun meðal starfsmanna og fór hún fram í mars 2022. Niðurstöðurnar voru um margt athyglisverðar og sterkar vísbendingar um að vinna þarf að betri samvinnu milli starfsmanna, að nýir stjórnendur vinni sér inn meira traust og deildastjórahópurinn eflist í teymisvinnu. Í niðurstöðunum kemur fram að alltof hátt hlutfall hefur upplifað að aðrir en þeir sjálfir hafa verið lagðir í einelti og mikilvægt að bregðast við því meðal annars með því að styrkja starfsmenn til að koma samstarfsfólki sínu til hjálpar. Í niðurstöðunum kemur jafnframt fram að stjórnendateymið það er leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildastjórar geta ræktað mannauðinn betur og valdeflt starfsfólk leikskólans. Bæta þarf starfsandann og gera Marbakka að eftirsóttum vinnustað.

Umbótaáætlun

Umbótaáætlun byggir á niðurstöðu mats og er árangur umbóta metinn formlega og sem hluti af innra mati skólans. Gagna er aflað á fjölbreyttan hátt frá öllum þeim hópum sem koma að skólastarfinu, börnum, foreldrum og starfsfólki. Viðhorfskannanir, skimanir, ferilmöppur,

sjálfsmat deilda, samræmd matsblöð leikskóla Kópavogs um námssvið leikskólans og markvissar umræður starfsfólks um starfið eru dæmi um þau gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Innra mat í Marbakka er umbótamiðað og eru niðurstöður þess opinberar og má sjá í fylgisskjali 1.

Matsáætlun vegna skólaársins 2022 – 2023

- Uppeldisfræðilegar skráningar gerðar jafnt og þétt yfir skólaárið 2022-2023.
- Starfið metið jöfnum höndum yfir skólaárið á deildarstjóra-, deilda-, lausnateymis- og starfsmannafundum.
- Starfsmannasamtöl febrúar/mars 2022
- Viðhorfskönnun meðal foreldra verður gerð í mars 2023 (af Skólapúlsinum)
- Umbótaráætlun yfirfarin af stjórnendum í júní 2023
- Viðhorfskönnun elstu barnanna verður gerð í maí 2023
- Endurmatsfundur með foreldraráði leikskólans verður í maí 2023.
- Viðhorfskönnun meðal starfsmanna í maí 2023, spurt verður meðal annars um: samvinnu, lýðræði og stjórnunarhætti og samveru- og söngstundir

Matsþættir	2022-2023	2023-2024	2024-2025	2025-2026
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x		x	
Stjórnun skólans og daglegur rekstur	x		x	
Faglegt samstarf		x	x	x
Leikskólabróun og símenntun	x		x	
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka	x		x	
Námssvið leikskólans	x	x	x	x
Leikskóli margbreytileikans		x		x
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara		x		x
Fagmennska starfsfólks		x		x
Starfsánægja		x		x
Leikskólabragur				
Viðmót og menning	x		x	
Velferð og líðan barna	x	x	x	x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi	x		x	
Viðhorf foreldra	x		x	
Innra mat				
Skipulag og viðfangsefni		x		x
Gagnaöflun og vinnubrögð		x		x
Opinber birting og umræður		x		x

5. Áherslur í starfi leikskólans

Á skólaárinu verður lögð áhersla á að skapa gott samstarf milli allra starfsmanna í leikskólanum og mynda lærdómssamfélag sem hverfist um nám og þroska nemendanna. Ítarlegt endurmat var gert á starfi síðasta skólaárs og þar komu fram sterkar vísbendingar um að til að þróa starfið í Marbakka þurfið að skapa betra samstarf byggt á trausti milli allra starfsmanna. Sótt var um þróunarstyrk til Kópavogsbæjar til að þróa teymisvinnu starfsmanna á deildum og fékkst styrkurinn. Þróunarverkefnið er með samhljóm með höfuð áherslum næsta skólaárs og til þess að byggja upp lærdómssamfélag Marbakka.

6. Foreldrasamstarf

Foreldrar/Forráðamenn eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu, mikilvægt er að þeir séu vel upplýstir um vinnu barnanna og starf leikskólans.

Foreldraráð

Samkvæmt lögum þarf foreldraráð að vera starfandi við hvern leikskóla og markmið þess er að styðja við starf leikskólans. Starfsreglur og fundargerðir má finna á heimasíðu leikskólans.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og tekur stjórn þess þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða.

7. Starfsmannamál

Í Marbakka er gert ráð fyrir 16 stöðugildum á deildum, 1 stöðugildi leikskólastjóra, 0,4 stöðugildi í stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólastjóra, 0,5 stöðugildi sérkennslustjóra og 2 stöðugildi í eldhúsi. Að auki er ákveðinn fjöldi stöðugilda til afleysinga vegna veikinda, undirbúningstíma og sérkennslu barna.

Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og fjórir deildarstjórar af 5 eru með leyfisbréf kennara. Fimmsti deildarstjórinn er búinn með B.Ed. í leikskólakennarafræðum og kominn áleiðis að M.ed. gráðu. Þar til viðbótar eru tveir leikskólakennarar starfandi við stuðningskennslu í 1,9 stöðugildum.

Deildarstjóri er yfirmaður hvernar deildar, en aðrir starfsmenn deilda vinna samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara, nema um sé að ræða starf vegna sérkennslu eða annarra sérverkefna.

Á síðasta skólaári var mönnun mjög álíka og áætlanir eru um fyrir komandi skólaár en fjöldi stöðugilda breytist á skólaárinu ef breyting verður í aldursamsetningu barna, menntun starfsmanna og stuðnings þörf barna.

8. Símenntunaráætlun

Símenntunaráætlun byggir á þeirri fræðsluþörf sem kemur fram við endurmat liðins skólaárs og áhersluatriðum næsta skólaárs, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Starfsfólk fer á námskeið og fyrirlestra sem nýtast skólastarfinu, til að auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni þess. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun (sjá fylgiskjal 2) skólans og þau eru haldin á starfsdögum, starfsmannafundum eða fyrir utan leikskólann.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar í leikskólum Kópavogsbæjar eru fimm á ári. Fjórða hvert ár geta leikskólar sótt um sjötta skipulagsdaginn ef um námsferð erlendis er ræða. Skipulagsdagar verða nýttir til að efla fagþekkingu, styrkja starfshópinn og skipulag starfsins. Sótt verður um sjötta skipulagsdaginn þar sem áætlað er að fara í námsferð vorið 2023.

1. Föstudagurinn 23. september
2. Fimmtudaginn 17.nóvember
3. Mánudagurinn 2.janúar
4. Miðvikudagurinn 15.mars
5. Föstudagurinn 19. maí

9. Aðrar upplýsingar

Fjöldi barna

(hvað eru mörg börn næsta leikskólaár, aldursskipting, hve mörg börn tvítyngd/þrítyngd), dvalartími barna, sérkennsla)

Gert er ráð fyrir að börnin verði 99 skólaárið 2022 til 2023 og búið er að fylla í þau pláss þegar þessi starfsáætlun er gerð.

Fjöldi barna í árgangi er eftirfarandi: 15 börn fædd 2017, 21 börn fædd 2018, 36 2019 börn, 22 börn fædd 2020 og 5 börn fædd 2021.

Af 99 nemendum eru 19 börn tvítyngd/þrítyngd.

5 börn eru með 9 klukkutíma vistun.

37 börn eru með 8,5 til 8,75 klukkutíma vistun.

47 börn eru með 8 til 8,25 klukkutíma vistun.

10 börn eru með 6,5 til 7,75 klukkutíma vistun.

Það eru 5 börn samtals með 20 tíma í úthlutaðan stuðning í 1 og 2 flokki.

Húsnæði og lóð

(viðhald gert og ósk...) Mygla kom upp í vegg milli deildarinnar Óss og matstofu. Var skipt um þá hlið veggisins sem snéri að matstofu í nóvember en þá hlið sem snéri að deildinni í sumarlokuninni. Í sumarlokuninni var gert við gólfdukk á svæði fyrir framan eldhúsið, skipt um gólfefni á eldhúsi og eldhúsið allt málað í hól og gólf.

Ósk um viðhald skólaárið 2022 – 2023

Óskað verður eftir málun á tveimur deildum, flutningi á salerni á deildinni Ósi, færa það milli herbergja að fyrirmynd frá leikskólanum Efstahjalla í Kópavogi en eldri hlutar húsnæðis Marbakka og Efstahjalla eru samskonar byggingar. Byrjað verður á því að skipta út rúllugluggatjöldum á Ósi og í skrifstofurýminu.

Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna og koma í veg fyrir heilsutjón.

Hlutverk áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks svo sem slys, veikindi, sorg eða einelti.

Slys eru skráð í gegnum forritið Atvik í samstarfi við Vís.

10. Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun

Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun

Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal

Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Fylgiskjal 1 – Umbótaáætlun

- Aðkoma foreldra í matsteymi rædd með foreldraráðinu í nóvember og aðkoman skipulögð. Hvaða þætti og með hvaða hætti þeir óska eftir að koma að mati fyrir utan mat og yfirlestur á starfsáætlun og leikskóladagatali.
Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri.
Leiðir: Haldinn fundur með foreldraráði í nóvember.
Tímarammi: Nóv. 2022
Mat: Athugað hvort þetta hafi verið gert þegar umbótaráætlunin verður endurmetin júní 2023
- Áfram skal leitað leiða við að gera upplýsingastreymi milli starfsmanna skilmerkilegt og aðgengilegt öllum starfsmönnum auk þess að efla þá í að vita hvar upplýsingarnar liggja.
Ábyrgðaraðili: Aðstoðarleikskólastjóri.
Leiðir: Listaðu upp hvar tregða er í upplýsingamiðlun og hvar starfsmenn geta nálgast upplýsingar.
Tímarammi: Næsta skólaár
Mat: Spurt um upplýsingastreymi í starfsmannasamtölum í febrúar/mars.
- Unnið skal enn frekar að sjálfbærni í leikskólanum með auknu samtali við börnin um til dæmis um sóun og orðið sjálfbærni. Innkaup skulu skoðuð út frá sjálfbærni og umhverfisvernd.
Ábyrgðaraðili: Aðstoðarleikskólastjóri.
Leiðir: Aðstoðarleikskólastjóri er þátttakandi í Erasmus+ verkefni skólaskrifstofu Kópavogs sem hverfist um sjálfbærni og mun koma með fræðslu tengda sjálfbærni sem skal nýtt til að styrkja starfsfólk til að ræða við börn um sjálfbærni og sóun. Einnig til færa innkaup sem gerð eru fyrir skólann átt að sjálfbærni.
Mat: Spurt um sjálfbærni og sóun í viðhorfskönnun elstúbarnanna að vori.
- Endurheimta skal gæðarorðspor Marbakka sem framúrskarandi Reggio Emilia leikskóli.
Ábyrgðarmaður: Leikskólastjóri.
Leiðir: Setja fréttir um starf í Marbakka sem er dæmigert starf í anda Reggio Emilia á samfélagsmiðla tvisvar til þrisvar á önn. Kynnum starf Marbakka fyrir foreldra í gegnum uppeldisfræðilegar skráningar reglulega yfir skólaárið. Starfsmenn taka þátt í kynningum þegar færi gefst til vekja athygli á frábæru starfi Marbakka.
Tímarammi: Til vors 2023.
Mat: Metið með talningu í maí 2023 á uppeldisfræðilegum skráningum sem sendar eru á foreldra, fréttum frá Marbakka og fjölda kynngina sem starfsmenn Marbakka hafa tekið þátt í.
- Styrkja lýðræðislegt samstarf og virkja mannauð í Marbakka í gegnum leiðtogahlutverk starfsmanna í anda lærdómssamfélags.
Ábyrgðaraðili: Aðstoðarleikskólastjóri.
Leiðir: Við endurskoðun á skólanámskrá Marbakka verður lýðræði, jafnrétti og mannréttindi krufið og í tengslum við það lærir starfsfólk saman um lýðræðislega samvinnu tengt fræðslu um lærdómssamfélag frá síðasta skólaári.
Tímarammi: Allt skólaárið en hefst í október á endurskoðun skólanámskrá Marbakka.
Mat: Spurt um samvinnu, lýðræði og stjórnunarhætti í viðhorfskönnun starfsmanna að vori.
- Aðstoðarleikskólastjóri, leikskólastjóri og sérkennslustjóri efla sig í lýðræðislegum stjórnunarháttum.
Ábyrgð: Leikskólastjóri

Leiðir: Aðstoðar-, leikskóla- og sérkennslustjóri sækja fræðslu hjá menntafléttunni til að styrkja stjórnendur til að leið lýðræðislegt skólastarf.

Tímarammi: Allt skólaárið 2022 til 2023

Mat: Metið þegar umbótaráætlunin verður endurmetin júní 2023

- Stuðla að tímum fyrir faglega umræðu.

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri

Leiðir: Skipuleggja undirbúningstíma með þeim hætti að faghópsumræður geti myndast.

Tímarammi: Skipuleggja að hausti, endurskoða skipulag um áramót.

Mat: Spurt um árangur í viðhorfskönnun starfsmanna í maí.

- Fræða starfsmenn um einelti, forvarnir og viðbrögð.

Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri

Leiðir: Koma með fræðslu á starfsmannafundi haust 2022 um einelti.

Tímarammi: Sept/okt 2022

Mat: Metið þegar umbótaráætlunin verður endurmetin júní 2023

- Gera feril um viðbrögð við einelti betur sýnilegan öllum.

Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri

Leiðir: Prenta út ferilinn og setja á töflu í kaffistofu og birta á workplace

Tímarammi: júní 2022

Mat: Metið þegar umbótaráætlunin verður endurmetin júní 2023

- Aðstoðarleikskóla-, leikskóla- og sérkennslustjóri þróa samstarf sitt til lýðræðislegra stjórnunarháttanna í anda lærdómssamfélagsins.

Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri.

Leiðir: Aðstoðarleikskóla-, leikskóla- og sérkennslustjóri sækja menntafléttunámskeið um forystu um nám og styðjandi menningu á vinnustaðnum.

Tímarammi: Allt skólaárið 2022/2023

Mat: Fyrirhugaðir þátttakendur námskeiðsins meta árangur af þátttöku. Spurt um stjórnun leikskólans í viðhorfskönnun meðal starfsmanna maí 2023.

- Umgjörð samveru- og söngstunda ígrunduð.

Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.

Leiðir: Fræðsla um lestur í leikskóla á starfsmannafundi haust 2022. Fagnaðarfundir settir í fast skipulag. Fræðsla um söngstundir í leikskóla á starfsmannafundi haust 2022.

Tímarammi: September/október 2022

Mat: Fór fræðslan fram. Spurt um samveru- og söngstundir í viðhorfskönnun starfsmanna í maí 2023.

- Frjálsi leikurinn bæði úti of inni verður tekinn til umfjöllunar meðal starfsmanna og tækifæri sem gefast fyrir frjálsan leik í kúbbum og með lausan efnivið ígrunduð með hlutverk starfsmanna sem útgangspunktur.

Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri.

Leiðir: Umræða um hlutverk hins fullorðna og frjálsa leiksins tekin á starfsmannafundi haust 2022 og tækifæri lauss efniviðar skoðuð sérstaklega í því samhengi. Kubbanámskeið í nóvember 2022.

Tímarammi: Haust 2023.

Mat: Metið þegar umbótaráætlunin verður endurmetin júní 2023.

- Setja upp árs skipulag hvenær börnunum er boðið upp á sætmeti eða pylsur í leikskólanum.

Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri.

Leiðir: Gerður er listi.

Tímarammi: Ágúst/September.

- Mat: Metið þegar umbótaráætlunin verður endurmetin júní 2023
- Styrkja matráð og starfsmenn leikskólans í kringum grænkera fæði í þeim tilgangi að daglega verðir á boðstólum fjölbreytt grænkera fæði fyrir börn foreldra sem það kjósa.
Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri.
Leiðir: Leikskólastjóri og matráður fara á námskeið í gerð grænkera fæðis. Fræðsla til starfsmanna um hvernig grænkerum skal mætt í leikskólum Kópavogs.
Tímarammi: Hvor tveggja á haustönn. Leikskólastjóri og matráður fara fyrst og svo eru starfsmenn fræddir.
Mat: Metið af og til yfir skólaárið í samtali við starfsmenn og matráð og svo þegar umbótaráætlunin verður endurmetin júní 2023
 - Ákveða með hvaða hætti spjaldtölvur eru notaðar í leikskólastarfinu með börnunum og útbúa fræðslutexta til rökstuðnings fyrir foreldra og starfsmenn.
Ábyrgðaraðili: Aðstoðarleikskólastjóri ásamt deildarstjórum.
Leiðir: Spjaldtölvunefnd sett á laggirnar sem kemur með tillögur til starfsmanna um með hvaða hætti spjaldtölvur eru notaðar í leikskólastarfinu með börnunum. Spjaldtölvunefndin setur saman fræðslutexta fyrir foreldra og starfsmenn með rökstuðningi fyrir notkuninni.
Tímarammi: Haustönn.
Mat: Metið þegar umbótaráætlunin verður endurmetin júní 2023
 - Funda með foreldrafélaginu og fara yfir samstarfið og þær upptakur sem foreldrafélagið stendur fyrir sér í lagi þar sem aðkoma foreldra er í boði.
Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri og tengiliður starfsmanna við foreldrafélagið.
Tímarammi: Haustfundur stjórnar foreldrafélagsins.
Mat: Metið þegar umbótaráætlunin verður endurmetin júní 2023
 - Endurskoða þær upplýsingar sem foreldrar fá á haustin um starf komandi skólaárs þannig þær byggja ekki upp væntingar hjá foreldrum sem standast ekki.
Ábyrgðaraðili: Aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar.
Leiðir: Í október í kringum kynningarfund leikskólans fyrir foreldra verða teknar saman glærukynningar um starf hvernar deilda sem foreldrar fá í tölvupósti. Upplýsingar endurskoðaðar frá fyrri árum. Auk þess skal sérstök hlutverk elstúbarnanna í Marbakka tekin saman í viðburðar dagatal og sent á foreldra þessara barna.
Tímarammi: Október 2022.
Mat: Metið á endurmatsfundi með foreldraráði leikskólans maí 2023.
 - Hver deild kemur sér upp verkfæri sem tengið leikskólann við heimilin hvort sem það er með skráningum, í gengum vinnu með Lubba eða hvað annað.
Ábyrgðaraðili: Deildarstjórar.
Leiðir: Hver deild ákveður á deildarfund að hausti hvernig áætlað er að tengja heimilin við leikskólann á markvissan hátt.
Tímarammi: Komið í fast form í janúar 2023
Mat: Metið á endurmatsfundi með foreldraráði leikskólans 2023.
 - Leitað verður svara við þeim spurningum sem upp hafa komið í tengslum við persónugreinanlegar myndir af leikskólabörnum s.s. með hvaða hætti má nota þær til upplýsingamiðlunar og hvar er heimilt að að geyma þær í skýjalausnum?
Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri.
Leiðir: Leikskólastjóri mun fá svör við þeim álitaefnum sem enn eru í tengslum við persónugreinanleg gögn og upplýsingamiðlun sem og geymslulausnir fyrir persónugreinanleg gögn.
Tímarammi: Haustönn 2022

- Mat: Metið á endurmatsfundi með foreldraráði leikskólans maí 2023.
- Þær leiðir sem eru í boði fyrir forelda til að koma erindum á framfæri við leikskólann verða skýrðar og kynntar fyrir þeim.
Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri.
Leiðir: Tekið skal saman í lista hvaða leiðir foreldrar geta farið til að koma á framfæri erindum sínum og kynnt vel fyrir foreldrum.
Tímarammi: Október.
Mat: Metið á endurmatsfundi með foreldraráði leikskólans maí 2023.
 - Aukin áhersla skal lögð á að bjóða foreldra velkomna inn í leikskólann og að þeir fylgi barninu sínu til starfsmanns í upphafi dags og starfsmaður sé kvaddur þegar barnið er sótt.
Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.
Leiðir: Hvatning stjórnenda til starfsmanna og foreldra á fundum, í daglegum samskiptum og tölvupóstum.
Tímarammi: Þetta verður orðið að vana áður en haustönn lýkur 2022
Mat: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri taka vaktina af og til yfir skólaárið til að styðja við og meta árangur jafn óðum. Lokamat þegar umbótaráætlunin verður endurmetin.
 - Gera tiltekt í Holukubbum skemmtilega fyrir börnin og leikinn eftirsóknaverðan.
Ábyrgðaraðili: Aðstoðarleikskólastjóri.
Leiðir: Haldið skal kubbanámskeið fyrir starfsmenn og gera skal gott skipulag í kringum tiltekt á holukubbum og einingakubbum. Endurskoða ítarefni með kubbum
Tímarammi: Haust 2022
Mat: Spurt um í viðhorfskönnun elstubarnanna að vori hvernig er að leika í holukubbum.
 - Hafa markvissar lestrarstundir fyrir börnin og á framhaldssögulestur fyrir þau elstu með það fyrir augum að börnin hafi ánægju af.
Ábyrgðaraðili: Aðstoðarleikskólastjóri.
Leiðir: Fræðsla til starfsmanna um mikilvægi lesturs, utanaðkomandi aðili fenginn til að halda fyrirlestur á starfsmannafundi um lestur í leikskóla.
Tímarammi: Fyrirlestur á haustönn 2022
Mat: Spurt um hvað börnum finnst þegar lesið er fyrir þau, í viðhorfskönnun barnanna að vori.
 - Ræða skal við börnin um orðið sjálfbærni og taka umræðu um soun sérstaklega fyrir.
Ábyrgðaraðili: Aðstoðarleikskólastjóri.
Leiðir: Aðstoðarleikskólastjóri er þátttakandi í Erasmus+ verkefni skólaskrifstofu Kópavogs sem hverfist um sjálfbærni og mun koma með fræðslu tengda sjálfbærni sem skal nýtt til að styrkja starfsfólk til að ræða við börn um sjálfbærni og soun. Kaupa vigt svo börnin sjálf geta vigtað þann mat sem fer til spillist af diskunum þeirra þegar þau klára ekki matinn.
Tímarammi: Allt skólaárið. Vigt skal kaupa að hausti.
Mat: Spurt um sjálfbærni og soun í viðhorfskönnun elstubarnanna að vori.
 - Starfsmenn sem sinna stuðningi tilheyra deild sérkennslunnar þar sem sérkennslustjóri er deildarstjóri.
Ábyrgðaraðili: Sérkennslustjóri.
Leiðir: Sérkennslustjóri heldur utan um starfsmenn sérkennslunnar, heldur reglulega deildarfundi með þeim og deilir verkefnum til þeirra ef stuðningsbörnin sem þeir sinna samkvæmt skipulagi eru fjarverandi.
Tímarammi: Ágúst/september 2022.
Mat: Metið þegar umbótaráætlunin verður endurmetin júní 2023.

Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun

Þátttakendur	Lýsing á námskeiði	Markmið	Dagsetning	Tímafjöldi	Kostnaður	Ábyrgð
Allt starfsfólk	Deildafundir	Upplýsingagiöf, fræðsla og fleira	Allt skólaárið	1x í viku	Unnið í vinnutíma	Stjórnendur
Leikskólastjóri og matráður	Námskeið	Fræðsla um grænkerafæði	Sept.	Einn klukkutími leikskólastjórar annar klukkutími fyrir matráða	Unnið í vinnutíma	Skólaskrifstofa
Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri sérkennslustjóri	og Námskeið menntafléttunnar til að styrkja stjórnendur til að leiða lýðræðislegt skólastarf	Styrkja stjórnendur til að leiða lýðræðislegt skólastarf	Allt skólaárið	6x3 klukkutímar Sept., okt., nóv, jan, feb og mars.	Ókeypis	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri
Allt starfsfólk	Starfsmannasamtöl	Til að gefa starfsmanninum tækifæri til að skoða sjálfan sig í stafi og að gefa þeim tækifæri til að koma með ábendingar til stjórnenda um starf leikskólans	Vor 2022	30 mín pr. Starfsmann	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Nýtt starfsfólk	Nýliðafræðsla	Farið yfir starfsmannahandbókina	Október og nóvember	ca 45 mín í hvert skipti Samtals 90 mín	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Allt starfsfólk	Samráð, fræðsla, endurmat	Yfirfara starfsáætlun, stefnur og öryggisþætti	2x á önn	2 tímar = 8 tímar 4 tímar eftir vinnu. Starfsmannaf. 4 tímar á skipulagsd.	Að hluta tekið af yfirvinnukvóta og að hluta í dagvinnu	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur 2. jan. unnin af sér 4 tímar í október	Fræðsla um einelti, forvarnir og viðbrögð.	Október.	2 tímar	Unnið í dagvinnu Harpa Björg, mannauðsráðg. hjá Kópavogi	Leikskólastjóri

Allir starfsmenn	Skipulagsdagur 2. jan unnin af sér í 4 tímar í nóvember	Fræðsla um söngstundir í leikskóla.	Nóvember	2. tímar	Utanaðkomandi aðili sér um fræðslu ca. 75. þús	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Jafningafræðsla um frjálsan leik	17. nóv.	1 tímar	Unnið í dagvinnu	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Kubbanámskeið	17. nóv.	2 tímar	Unnið í dagvinnu Aðkeypt fræðsla 50. þús.	Leikskólastjóri
Stjórnendateymið	Uppbygging lærdómssamfélags með áherslu á teymisvinnu	Handleiðsluhópar með utanaðkomandi fræðslu	Allt skólaárið	3x2ja tíma fundir með ráðgjafa	Styrkur úr þróunarsjóði leikskóla Kópavogs	Leikskólastjóri
Deildastjórar	Deildastjórafundir	Skapa umræður um starfið og samstilling stjórnendateymis og endurmat.	1x í viku	45 mín. hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagar	Endurmat á skólaárinu, ýmsir matslistar unnir og sumarstarf skipulagt	16.maí	4 tímar	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri

Fylgiskjal 3 – leikskóladagatal

Leikskóladagatalið er í betri upplausn á þessari slóð: <https://marbakki.kopavogur.is/foreldrar/leikskoladagatal/>

Samband íslenskra sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2022 - 2023

Nafn skóla:

Marbakki

ÞUST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ	JÚLÍ
1. Mí	1. F	1. L	1. Þ	1. F	1. S	1. M	1. M	1. L	1. M	1. F	1. L
2. Þ	2. F	2. S	2. M	2. F	2. M	2. F	2. F	2. S	2. Þ	2. F	2. S
3. M	3. L	3. M	3. F	3. L	3. Þ	3. F	3. F	3. M	3. M	3. L	3. M
4. F	4. S	4. Þ	4. F	4. S	4. M	4. L	4. L	4. Þ	4. F	4. S	4. Þ
5. F	5. M	5. M	5. L	5. M	5. F	5. S	5. S	5. M	5. F	5. M	5. M
6. L	6. Þ	6. F	6. S	6. Þ	6. F	6. M	6. M	6. F	6. L	6. Þ	6. F
7. S	7. M	7. F	7. M	7. M	7. L	7. Þ	7. Þ	7. F	7. S	7. M	7. F
8. M	8. F	8. L	8. Þ	8. F	8. S	8. M	8. M	8. L	8. M	8. F	8. L
9. Þ	9. F	9. S	9. M	9. F	9. M	9. F	9. F	9. S	9. Þ	9. F	9. S
10. M	10. L	10. M	10. F	10. L	10. Þ	10. F	10. F	10. M	10. M	10. L	10. M
11. F	11. S	11. Þ	11. F	11. S	11. M	11. L	11. L	11. Þ	11. F	11. S	11. Þ
12. F	12. M	12. M	12. L	12. M	12. F	12. S	12. S	12. M	12. F	12. M	12. M
13. L	13. Þ	13. F	13. S	13. Þ	13. F	13. M	13. M	13. F	13. L	13. Þ	13. F
14. S	14. M	14. F	14. M	14. M	14. L	14. Þ	14. Þ	14. F	14. S	14. M	14. F
15. M	15. F	15. L	15. Þ	15. F	15. S	15. M	15. M	15. L	15. M	15. F	15. L
16. Þ	16. F	16. S	16. M	16. F	16. M	16. F	16. F	16. S	16. Þ	16. F	16. S
17. M	17. L	17. M	17. F	17. L	17. Þ	17. F	17. F	17. M	17. M	17. L	17. M
18. F	18. S	18. Þ	18. F	18. S	18. M	18. L	18. L	18. Þ	18. F	18. S	18. Þ
19. F	19. M	19. M	19. L	19. M	19. F	19. S	19. S	19. M	19. F	19. M	19. M
20. L	20. Þ	20. F	20. S	20. Þ	20. F	20. M	20. M	20. F	20. L	20. Þ	20. F
21. S	21. M	21. F	21. M	21. M	21. L	21. Þ	21. Þ	21. F	21. S	21. M	21. F
22. M	22. F	22. L	22. F	22. F	22. S	22. M	22. M	22. L	22. M	22. F	22. L
23. Þ	23. S	23. S	23. M	23. F	23. M	23. F	23. F	23. S	23. Þ	23. F	23. S
24. M	24. L	24. M	24. F	24. L	24. Þ	24. F	24. F	24. M	24. M	24. L	24. M
25. F	25. S	25. Þ	25. F	25. S	25. M	25. L	25. L	25. Þ	25. F	25. S	25. Þ
26. F	26. M	26. M	26. L	26. M	26. F	26. S	26. S	26. M	26. F	26. M	26. M
27. L	27. Þ	27. F	27. S	27. Þ	27. F	27. M	27. M	27. F	27. L	27. Þ	27. F
28. S	28. M	28. F	28. M	28. M	28. L	28. Þ	28. Þ	28. F	28. S	28. M	28. F
29. M	29. F	29. L	29. Þ	29. F	29. S	29. M	29. M	29. L	29. M	29. F	29. L
30. Þ	30. F	30. S	30. M	30. F	30. M	30. F	30. F	30. S	30. Þ	30. F	30. S
31. M		31. M		31. L	31. Þ		31. F		31. M		31. M

Í september verður morgunkaffi á 6 dögum, fyrirðir dagar 6 dögum til að hittast.

Í október er kynningarfundur fyrir alla foreldra Marbakka.

Í desember er jólaþessi fyrir börndaginn og jólaþessi fyrir nemendur.


Í febrúar og mars verður öllum foreldrum boðið upp á foreldrautíð.

Fylgiskjal 4 – Umsögn foreldraráðs

Kópavogur, 7. jún 2022

Við fulltrúar í foreldraráði Marbakka staðfestum með undirskrift okkar hér fyrir neðan að við höfum tekið til umfjöllunar starfsáætlun Marbakka, fyrir skólaárið 2022 – 2023.

Foreldraráðið gerir ekki athugasemdir við starfsáætlunina.


Anna Sigríður Jónsdóttir


María Ósk Sverrisdóttir


Soffía Tinna Hjörvarsdóttir